



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 21. fundur, 11. júlí 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt 21. fund sinn föstudaginn 11. júlí 2008, kl. 9:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Tilboð í uppúrtekt vegna byggingar sundlaugar
2. Skóflustunga, upphaf framkvæmda
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Tilboð í jarðvegsskipti voru opnuð þann 10. júlí 2008.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Krónur	% af kostnaðaráætlun
1. Ósverk ehf. kt. 640602-2010	2.015.500	63%
2. Steingrímur Ingvarsson kt. 210251-3839	2.030.000	64%
3. Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf. kt. 510200-3220	2.169.200	68%
4. Krákur ehf. kt. 481003-2610	3.770.000	118%
5. Júlíus Líndal ehf. kt.	5.153.300	162%
6. Sorphreinsun V.H. ehf kt. 500196-3199	2.650.600	83%
Kostnaðaráætlun tæknideildar Blönduósbæjar	3.190.000	100%

Nefndin samþykkir að semja við lægstbjóðanda um verkið.

2. Skóflustunga að nýrri sundlaug verður tekin 13. júlí 2008, kl. 13:00. Nefndin er sammála um að leita til Jóns Ísbergs heiðursborgara Blönduósbæjar og Einars Þorlákssonar fyrrverandi sveitarstjóra um að taka fyrstu skóflustunguna að sundlauginni.
3. Farið var yfir lokaundirbúning vegna útboðs á uppsteypu sundlaugarinnar. Tæknideild var falið að vinna áfram að málinu.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 10.00.

Héðinn Sigurðsson
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason